# Sviðsmyndir fyrir stefnumörkun um miðhálendi Íslands

Málstofa um miðhálendi Íslands

29. mars 2012

Einar Jónsson

Skipulagsstofnun

# Til hvers sviðsmyndir

- Verkfæri til að lýsa og bera saman raunhæfa kosti og skerpa framtíðarsýn
- Grunnur að mótun landsskipulagsstefnu fyrir miðhálendi Íslands
- Aðferð til að draga fram áhrif stefnukosta á umhverfi og samfélag
  - Innlegg í umhverfismat

# Sviðsmyndir – á hverju byggjast þær

- Samantekt samráðsfundar 3. febrúar 2012
- Svæðisskipulag miðhálendis Íslands 2015
- Áætlanir ríkisins á landsvísu
- Samantekt funda um miðhálendið
- Stefnumótunarvinna innan Skipulagsstofnunar

# Miðhálendið - sviðsmyndir

| | | | |
|---|---|---|---|
| Verndun náttúru og landslags | Óbreytt staða | Samræmd verndun | Alfriðun miðhálendis |
| Orkunýting og flutningur | Þarfir landshluta | Núverandi orkunýtingar-svæði | Engin frekari uppbygging |
| Samgöngur, ferðaþjónusta og almannaréttur | Óbreytt ástand | Þjónustu-miðuð uppbygging | Stýrð þróun |
| Beitarmál á miðhálendinu | Óbreytt staða | Beitarstýring | Bann við beit |

# Sviðsmyndir fyrir stefnu - miðhálendið

1. Óbreytt staða
2. Eftirspurnarmiðuð uppbygging
3. Samræmd verndun og nýting - A
4. Samræmd verndun og nýting - B
5. Verndarmiðuð nýting

**Náið samstarf ríkis og sveitarfélaga**

# Óbreytt staða

- Óbreytt vernd náttúru, landslags og menningarminja
- Skipulagsmál á miðhálendinu verði ekki samræmd
- Uppbygging tekur mið af þegar staðfestum ákvörðunum í aðalskipulagi
- Orkunýting og samgöngur með sama hætti og verið hefur
- Óskýr framtíðarsýn

# Uppbygging miðuð við eftirspurn

- Óbreytt vernd náttúru, landslags og menningarminja
- Orkuvinnsla á nýjum og þegar skipulögðum orkuvinnslusvæðum
- Megin flutningsleiðir raforku liggi um miðhálendið
- Aukið aðgengi að miðhálendinu og litlar hömlur á notkun svæðisins til útivistar
- Uppbyggðir stofnvegir og vöruflutningar milli landshluta fari fram að einhverju leyti um hálendisvegi
- Gistirýmum fjölgar og framboð á fjölbreyttri þjónustu ræðst af eftirspurn
- Beitarmál með svipuðum hætti og nú er

# Samræmd verndun og nýting - A

- Gert er ráð fyrir að styrkja núverandi verndun og að myndaðar verði þrjár til fjórar samfelldar verndarheildir á grundvelli friðlýsingar
  - Núverandi þjóðgarðar, svæði sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum og hverfisverndarsvæði

- Orkunýtingu á núverandi og þegar skipulögðum orkunýtingarsvæðum. Megin orkuflutningsleiðir geta mögulega legið á afmörkuðu belti um miðbik hálendisins

- Tveir uppbyggðir stofnvegir yfir hálendið. Út frá þeim verði skilgreint net annarra vega og slóða og öll umferð utan þeirra verði bönnuð

- Uppbygging gistirýmis í jaðri hálendisins og í byggð. Önnur uppbygging ferðamannastaða og þjónustu miði að því að dreifa álagi á miðhálendið

- Beitarmál verða með svipuðum hætti og nú er

# Samræmd verndun og nýting – B

- Gert er ráð fyrir að styrkja núverandi verndun og að myndaðar verði tvær til þrjár samfelldar  verndarheildir á grundvelli friðlýsingar
  - Núverandi þjóðgarðar, svæði sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum og hverfisverndarsvæði

- Orkunýtingu verði einvörðungu innan núverandi og þegar skipulagðra orkunýtingarsvæða. Megin flutningsleiðir raforku um landið verði utan hálendisins

- Tveir uppbyggðir stofnvegir yfir hálendið og um þá fari megin umferðin um hálendið. Út frá þeim verði stakir vegir og slóðar og öll umferð utan þeirra verði bönnuð

- Uppbygging gistirýmis í jaðri hálendisins og í byggð. Önnur uppbygging ferðamannastaða og þjónustu miði að því að draga úr álagi á miðhálendið

- Búfjárbeit á miðhálendinu verði stjórnað með virkum hætti á grundvelli beitarþols landsins

# Verndarmiðuð nýting

- Miðað er við að miðhálendið verði friðlýst í heild sinni og að þar verði reistar skorður við frekari uppbyggingu í samgöngum, ferðaþjónustu, orkunýtingu og flutningskerfa raforku
- Engin frekari uppbygging í virkjunum og orkuflutningi á miðhálendi Íslands
- Skilgreindir verði einn til tveir stofnvegir yfir hálendið og um þá fari megin umferðin um hálendið. Út frá þessum stofnvegum verði svo skilgreint net annarra vega og slóða og öll umferð utan þeirra verði bönnuð
- Allir vegir á hálendinu verði með lágum hönnunarhraða og hannaðir með tilliti til landslags svæðisins
- Beit búfjár verði bönnuð á miðhálendinu


Takk fyrir mig